

sèu borgaðir af henni, 4 af 100 á ári, talið frá 1. janúarmán: 1868, og eruð þér, herra amtmaður, beðnir um, þegar þar að kemur, að koma fram með nýja uppástungu, hvernig skuli kveða á um borgun skuldarinnar smásaman.

1868.

22. júní.

31. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um sölu á Hlíðarhólma, eign Sauðanes kirkju.

23. júní.

Nú er kirkju- og kennslustjórnin hefir borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í bréfi yðar, herra stiptyamtmaður og háæruverðugi herra, 16. marzmán. þ. á., hefir hans hátign þóknast samkvæmt uppástungum stjórnarráðsins allramildilegast að fallast á, 12. þ. m., að hólmi nokkur, sem Sauðanes kirkja í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi á, og kallaður er Hlíðarhólmi, og liggur í stöðuvatni rétt hjá bænum Hlíð í Þingeyjarsýslu, megi seljast, og að Torfi bóndi Illugason, sem á jörðina Hlíð, megi fá hann til kaups fyrir 600 rd., og að stiptysfirvöldunum á Íslandi sè boðið að annast um, að upphæð þessi verði gjörð arðsöm annaðhvort á þann hátt, að keypt sèu fyrir hana ríkisskuldabréf, er hljóði uppá nafn Sauðanes kirkju, eða hún sè lánuð móti veði í fasteign með fyrsta veðsetningarrétti og fyrir 4 af 100 í vexti.

Þetta skal yður hær með til vitundar gefið, til þess að þér kunngjörið það og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf.

32. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um sölu á Brimnesi, eign Eyða prestakalls.

23. júní.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast allramildi-

1868.

23. júní.

legast að fallast á, 12. þ. m., að Flóvent Halldórason, leiguliði á Brimnesi í Seyðisfjarðar hrepp, eign Eyða prestakalls í Norður-múlasýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, megi fá jörð þessa til kaups fyrir 2500 rd., þannig, að 1500 rd. af andvirðinu verði borgaðir um leið og kaupbréfið er af hendi látið, og að þeir 1000 rd., sem eftir eru, standi óborgaðir móti veði í jörðinni með fyrsta veðsetningarrétti og 4 af 100 í vexti á ári, og með því skilyrði, að undanþága sú frá skattgjaldi, er jörðin hingað til hefir notið, falli burtu eftir söluna, og að stiptsyfirvöldunum á Íslandi verði boðið að annast um, að sá hluti kaupverðsins, sem borgaður verður í peningum, verði gjörður arðsamur fyrir Eyða brauð, annaðhvort á þann hátt, að keypt verði fyrir hann ríkisskuldabréf, er hljóði uppá nafn brauðsins, eða hann verði settur á leigu móti veði í fasteign.

Þetta skal yður hærmeð til vitundar gefið, til þess að þér kunngjörði það og gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf.

23. júní.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um einkennismerki handa hreppstjórunum í Eyrarsveit.

Með bréfi 3. marzmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá ásamt álitsskjali sýslumanns um hana; fara hreppstjórnarnir í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu þar þess á leit, að þeir verði látnir fá einkennismerki sem lögreglumenn, og marghlaupaðar skammyssur, til þess að þeir geti sýnt frakknescum fiskimönnum, sem hleypa inn á höfnina í Grundarfirði, sem liggur þar í sveitinni, merki uppá embættisvald sitt og líka til þess að geta varið sig, ef á þarf að halda. Hafið þér getið þess, að yður virðist ísjárvert að leggja fram með, að hreppstjórar þessir verði látnir fá skammyssur á opinberan kostnað, því að það kynni að leiða til blóðsúthellingar, en hins vegar beðið um, að tvö einkennismerki verði útveguð handa hreppstjórunum, þannig, að kostnaðurinn til þessa verði borgaður úr